

Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Álfhólsskóli vinnur eftir áætlun SHS og sveitarfélaganna. Stuðst er við viðbúnaðarstig 1 og 2. Áriðandi er að foreldrar fylgist með tilkynningum og fari að tilmælum. SHS kappkostar að koma tilkynningum tímanlega á framfæri við fréttastofur útvarpsstöðva (RÚV og Bylgjuna) og helstu fréttamiðla á vefnum (mbl.is og visir.is) og er miðað við að tilkynning berist þeim eigi síðar er 7:30 að morgni sé tekin ákvörðun um viðbúnaðarstig við upphaf skóladags.

Símkerfi skóla eru að öllu jafnaði ekki undir það búin að anna miklu álagi og er foreldrum því bent á að fylgjast með tilkynningum og afla upplýsinga á fjölmiðlum, á heimasíðum skóla og á shs.is.

Foreldrar skulu ævinlega leita eftir staðfestum tilkynningum yfirvalda um viðbúnaðarstig en forðast að láta stjórnast af mati nemenda á aðstæðum.

VIÐBÚNAÐARSTIG 1

Röskun á skólastarfi - foreldrar fylgi börnum í skóla.

- Röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs ef starfsfólk á erfitt með að komast í skóla. Við þessar aðstæður er engu að síður gert ráð fyrir að skólin sé opnir og taki á móti nemendum.
- Mjög mikilvægt er foreldrar fylgi yngri börnum til skóla og yfirgefi þau alls ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks.
- Í upphafi skóladags getur verið að mönnum skóla sé takmörkuð. Foreldrar geta þá búið við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum beiðnum vel.
- Geisi óveður við lok skóladags er metið hvort óhætt sé að senda börnin heim eða hvort ástæða er til að foreldrar sækji börn sín. Þá eru gefnar út tilkynningar um það, auk þess sem skólinn leggur sig fram um að hafa samband við foreldra.

VIÐBÚNAÐARSTIG 2

Skólahald fellur niður

Séu aðstæður þannig að óhjákvæmilegt sé að fella skólahald niður um tíma vegna veðurs fá fjölmiðlar tilkynningu um það. Þá skulu foreldrar halda börnum sínum heima þangað til tilkynningar berast um annað.

6.6.2 Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta

Viðbrögð við jarðskjálfta - Innandyra

Eftirfarandi áætlun er sótt á vef almannavarna ríkisins:

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Reynið frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef þú er sofandi og vaknar upp við jarðskjálfta, haltu þá kyrru fyrir og notaðu kotta til að verja höfuðið. Ef það verður jarðskjálfti hafið þá eftirfarandi í huga:

Húsgögn

Varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað.

Innihald skápa

Varist hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.

Ofnar og kynditæki

Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem hendast út af festingum.

Lyftur

Notið ekki lyftur og látið fara yfir þær eftir að jarðskjálfti hefur orðið þar sem lyftur skekkjast oft í jarðskjálfta.

Rúðbrot

Varist stórar rúður sem geta brotnað.

Byggingarhlutar

Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldi ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hættu er á hrynjandi byggingahlutum.

Gott er að setja á minnið orðaröðina: KRJÚPA – SKÝLA – HALDA

Gæta þess að verða ekki fyrir hlutum sem kunna að falla, með því m.a. að:

Á vef almannavarna er fræðslukynning fyrir nemendur grunnskóla, sjá:

http://www.almannavarnir.is/upload/files/Vidbrogd_vid_jardskjalfta_1%20%282%29_taka_tvo.pdf



Fara út í horn burðarveggja, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér ef unnt er.



Fara undir borð, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** í borðfót.



Fara í hurðarop, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér.